

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. apríl 2023

E-2023-116/00.11

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs), 889. mál.**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðnar umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 31. mars sl., um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs), 889. mál, vegna innleiðingar á tilskipun um geymslu koldíoxíðs í jörðu nr. 2009/31/EB (hér eftir CCS tilskipunin).

Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Á fyrri stigum þessa máls hefur Landsvirkjun ítrekað gert athugasemdir við að ranglega sé verið að túlka CCS tilskipunina á þann veg að hún eigi að gilda um það þegar verið er að skila koldíoxíði til baka í jarðhitakerfi að hagnýtingu lokinni í sömu jarðlög og það kom upphaflega úr (endurniðurdæling) eins og gert er við hefðbundna nýtingu jarðhita. Landsvirkjun ítrekar enn á ný þessa sömu athugasemd og telur afar mikilvægt að gerðar séu breytingar á því frumvarpi sem hér er til umsagnar svo ekki sé hægt að túlka lög og tengdar reglugerðir á þann hátt að lagðar séu óþarfar og verulega íþyngjandi kröfur á hefðbundna nýtingu jarðhita og það að ósekju. Samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd myndi leggja óþarfa kröfur á hefðbundna jarðhitanytingu á Íslandi sem draga myndi úr samkeppnishæfni hennar og hamla árangri landsins í loftslagsmálum. Landsvirkjun vill sérstaklega benda á að önnur lönd innan ESB þar sem stunduð er hefðbundin nýting jarðhita, t.d. Ítalía og Portúgal, túlka gildissvið CCS tilskipunarinnar á þann veg að hún nái ekki til endurniðurdælingar koldíoxíðs við hefðbundna jarðhitanytingu.

Með þetta í huga tekur Landsvirkjun heilshugar undir þau varnaðarorð sem komu fram í máli þingflokksformanns Framsóknar í fyrstu umræðu um frumvarpið á Alþingi 28. mars síðastliðinn. Í máli þingflokksformannsins kom m.a. fram að greina þyrfti á milli annars vegar hefðbundinnar nýtingar jarðhita, sem er Íslendingum þjóðhagslega mikilvæg og fellur undir lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (auðlindalög), og hins vegar nýrrar tækni við mögulega geymslu aðflutts koldíoxíðs í jörðu í viðskiptalegum tilgangi, sem réttilega fellur undir CCS tilskipunina. Í máli formannsins kom einnig fram að ef frumvarpið yrði samþykkt í óbreyttri mynd myndi það koma til með að auka kostnað, seinka leyfisveitingum og hamla árangri landsins í loftslagsmálum enda kæmi það til með að draga verulega úr hagkvæmni þess að draga úr koldíoxíðslosun jarðvarmavirkjana ef nauðsynlegt reyndist að fylgja flóknu og kostnaðarsömu regluverki sem sett er í allt öðrum tilgangi en að standa vel að rekstri jarðvarmavirkjana. Landsvirkjun tekur að öllu leiti undir þessar ábendingar.

Hefðbundin nýting jarðhita heyrir undir auðlindalög og vill Landsvirkjun vekja athygli á því að hugtakið jarðhiti er ekki háð því í hvaða eðlisfræðilega formi jarðhitinn er. Samkvæmt auðlindalögum merkir jarðhiti „*annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.*“ Hér má nefna að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-979-2019 var talið hafið yfir vafa að „*jarðhiti getur eðli málsins samkvæmt ekki verið háður því í hvaða eðlisfræðilega formi jarðhitinn er*“ og staðfesti Landsréttur þessa túlkun með dómi í máli nr. 723/2019. Ekki sé því hægt að gera greinarmun á jarðhita út frá efnasambandi né efnisham í

lagalegum skilningi. Nýtingarleyfi jarðhita á grundvelli auðlindalaga innifelur heimild til upptöku þeirra efnasambanda sem upp úr jörðu kemur með orkunni, sem vísast til sem jarðhiti óháð því hvort um sé að ræða vatn, koldíoxíð, brennisteinsvetni eða önnur efnasambönd sem upp koma úr jörðu og eru óaðskiljanlegur hluti jarðhita. Um þetta er nánar fjallað í 3. lið viðauka umsagnarinnar.

Við innleiðingu tilskipunar um geymslu koldíoxíðs í íslensk lög árið 2021 var gildissviði tilskipunarinnar haldið utan við hagnýtingu jarðhita með nefndarálitum umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 2. mars 2021. Í því álit kom fram að „niðurdæling koldíoxíðs í sama berggrunnssvæði og það er ættað úr, t.d. háhitasvæði með orkuveri og nálægu niðurdælingarsvæði eða niðurdæling innan t.d. olíu- eða jarðgasvinnslusvæðis fellur ekki undir umrædda tilskipun ESB. Um þetta fyrirkomulag niðurdælingar er notað hugtakið endurniðurdæling (e. re-injection). Nefndin minnir á þessa staðreynd en telur ekki þörf á að hugtakið sé skilgreint í lögnum.“

Í greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umræðu er gengið í berhöggi við fyrrgreint nefndarálit umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis en þar segir að „[r]áðuneytið [taki] undir framangreint álit framkvæmdastjórnarinnar og ESA varðandi þá niðurstöðu að verkefni Landsvirkjunar falli undir gildissvið tilskipunar nr. 2009/31/EB.“ Landsvirkjun gerir athugasemd við notkun orðsins „álit“ í fyrrgreindum textabút og áréttar að um er að ræða „leiðbeiningar“ sem komu frá skrifstofu loftlagsmála framkvæmdastjórnar ESB og var ekki borin undir aðrar einingar (t.d. DG Energy) eða kjörna fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Umræddar leiðbeiningar hafa enga lagalega þýðingu, og fela ekki í sér endalega stjórnvaldsákvörðun eða túlkun ESB eða ESA. Leiðbeiningar voru veittar án nokkurs formlegs ferlis, þar sem ekki var gætt andmælaréttar, málið rannsakað eða leitað álita eða umsagna. Landsvirkjun telur mjög varhugavert ef íslensk stjórnvöld ætli sér að taka svo verulega íþyngjandi ákvörðun sem byggð er á grundvelli leiðbeininga sem hafa ekki bindandi áhrif. Ef fallist yrði á leiðbeiningar ESA myndi það þýða verulega kostnaðaraukningu á jarðvarmavirkjanir og yrði kostnaður það mikill við að auka hlutfall koldíoxíðs sem skilað er til baka að ekki yrði forsvaranlegt að ráðast í slíkar aðgerðir. Niðurstaðan yrði því sú að stöðva fyrirhugaðar aðgerðir við að draga úr losun þúsunda tonna koldíoxíðs og hamla árangri Íslands í loftlagsmálum. Eðlilegra væri líkt og vegna losunarheimilda í fluginu að íslensk stjórnvöld gæti hagsmuna Íslands í þessu sambandi og breyti löggjöfinni ekki einhliða án formlegrar málsmeðferðar hjá ESA eða að undangenginni niðurstöðu EFTA dómstólsins.

Að mati fyrirtækisins er sú afstaða sem ráðuneytið lætur í ljós í greinargerð frumvarpsins varhugaverð og skapar réttaróvissu. Svo virðist sem ráðuneytið byggi á því að leiðbeiningar ESA feli í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun, sem er misskilningur og hefur Landsvirkjun fengið það staðfest með álit frá Gjermund Mathiesen, lögmanni hjá Kvale lögmannsstofu í Noregi, en Gjermund er fyrrum framkvæmdastjóri hjá ESA. Texti greinargerða hafa vægi við túlkun lagaákvæða og kann það að vera óvenjulegt og óheppilegt að tekin sé afstaða til tiltekens verkefnis hjá tilteknum lögaðila í lögskýringargögnum.

Með hliðsjón af ofangreindri umfjöllun í greinargerð með frumvarpi þessu telur Landsvirkjun að ef frumvarpið verði samþykkt óbreytt sé ljóst að áður nefnd viðurkenning umhverfis- og samgöngunefndar á réttmætu gildissviði CCS tilskipunarinnar í íslenskum rétti frá 2021 verði felld niður með fyrrgreindum neikvæðum afleiðingum. Til að afstýra því leggur Landsvirkjun til að bætt verði við 1. gr. frumvarpsins nýjum málslið sem tekur til 3. mgr. 33. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 þannig að þeirri málsgrein sé breytt:

úr:

„Ákvæði þessa kafla taka ekki til verkefna í rannsóknar-, þróunar- eða prófunarskyni ef um er að ræða verkefni sem snúa að ...“ geymslu á minna en 100 kílótonnum af koldíoxíði.“

Í svohljóðandi:

„Ákvæði þessa kafla taka ekki til verkefna í rannsóknar-, þróunar- eða prófunarskyni ef um er að ræða verkefni sem snúa að ...“ geymslu á minna en 100 kílótonnum af koldíoxíði. **Ákvæði þessa kafla taka jafnframt ekki til nýtingar eða endurniðurdælingar jarðhita, sem fer eftir ákvæðum laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.**“

Enn fremur biðlar Landsvirkjun til umhverfis- og samgöngunefndar að árétta í nefndarálitum að í greinargerð með frumvarpinu hafi ráðuneytið mistúlkað óbindandi leiðbeiningar ESA líkt og um formlega ákvörðun hafi verið að ræða og að slíkar leiðbeiningar feli ekki sjálfkrafa í sér bindandi stjórnvaldsákvörðun þar sem gætt hafi verið að rannsóknarskyldu, andmælarétti eða öðrum meginreglum stjórnvölduráttar áður en ákvörðun er tekin. Í svo veigamiklu máli fyrir íslenska hagsmuni er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi látið á málið reyna á viðeigandi vettvangi samkvæmt EES samningnum eða fyrir EFTA dómstólnum, áður en að löggjafarvaldið er framselt til alþjóðastofnana, eða til sérfræðinga sem starfa þar líkt og á við í þessu tilviki.

Landsvirkjun telur mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands og árangur þess í loftslagsmálum að framangreindar tillögur að breytingum á frumvarpinu verði samþykktar. Hér er ekki einungis um að ræða hagsmunamál fyrir rekstraraðila jarðvarmavirkjana á Íslandi heldur jafnframt miklir hagsmunir íslenskra stjórnvalda í að tryggja að sérstaða jarðhita sé viðurkennd og að ekki sé lagður steinn í götu markmiða stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda. **Það vekur furðu að olíu- og gasiðnaður falli utan gildissviðs CCS tilskipunarinnar, en að lagt sé til að jarðhiti falli undir tilskipunina**, eins og nánar er fjallað um í 2. lið hér að neðan. Augljóst er að hér hafa hagsmunaaðilar innan ESB haft áhrif á gildissvið tilskipunar án þess að hagsmunir ríkja þar sem jarðhiti er nýttur í endurnýjanlega orkuframleiðslu hafi komist að. Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt er sú hættu fyrir hendi að núverandi endurniðurdæling á jarðhitavökva frá jarðvarmavirkjunum í rekstri verði talin falla undir tilskipunina og þar með setja rekstur þeirra í uppnám.

Í viðauka við umsögn þessa gefur að líta frekari rökstuðning fyrir sjónarmiðum Landsvirkjunar. Einnig eru viðhengd fylgiskjöl sem innihalda álit sem fyrirtækinu hafa borist frá eftirtöldum aðilum og álitin sjálf:

- International Energy Agency Geothermal (IEA Geothermal) sem samanstendur af skipuðum fulltrúum opinberra aðila á sviði orkumála hvers aðildarríkis sem tekur þátt
- European Geothermal Energy Council (EGEC) sem er samráðsvettvangur orkufyrirtækja og hagaðila í jarðhita innan Evrópu
- Electricidade Dos Azores (EDA), raforkufyrirtæki Azoreyja í Portúgal
- Det Norske Veritas (DNV), ráðgjafastofa sem m.a. sérhæfir sig í ráðgjöf á sviði CCS mála

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Jóna Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri
Samfélag og umhverfi

Viðauki við umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs), dagsett 21. apríl 2023.

1. Jarðvarmafyrirtæki innan ESB fylgja ekki ákvæðum tilskipunarinnar

Til eru dæmi um jarðvarmavirkjanir á eldvirkum svæðum á Ítalíu og í Portúgal þar sem koldíoxíði hefur verið skilað til baka í jarðhitakerfi um langt skeið að hagnýtingu lokinni. Rekstraraðilar hafa þar sumir hverjir einnig í hyggju að auka hlutfall þess koldíoxíðs sem skilað er til baka líkt og Landsvirkjun. Þarlend stjórnvöld hafa ekki túlkað umrædda tilskipun um geymslu koldíoxíðs eins og ráðuneytið hefur lagt upp með heldur hafa talið að um óskyld mál sé um að ræða í lagalegu samhengi. Umrædd ríki hafa lagt þann skilning í málið að um nýtingu jarðhita fari samkvæmt auðlindarétti viðkomandi ríkja eins og fram kemur í hjálögðum álitum IEA Geothermal, EGEC og EDA og tekið er saman í næstu efnisgreinum.

Að ósk Landsvirkjunar tók IEA Geothermal málið til efnislegrar umfjöllunar á 49. fundi framkvæmdastjórnar IEA Geothermal 18.-19. apríl sl. Afstaða IEA Geothermal var borin undir atkvæðagreiðslu og meðfylgjandi álit var samþykkt einróma af fulltrúum aðildarríkjanna. Þar kemur fram að endurniðurdæling jarðhita á eldvirku svæði í sama jarðhitakerfi teljist ekki geymsla koldíoxíðs og eigi ekki að falla undir CCS tilskipunina. Þar segir orðrétt „the committee are of the view that the process of reinjection of geothermal fluid, including carbon dioxide gas, is substantively different from a carbon capture and storage operation, and our advice is to reject the adoption of CCS policy in these circumstances.“ og ennfremur að „in a volcanic geothermal system, this return back to the underground should not be subject to CCS policy, as it is not a method to reliably store carbon gases underground“ (IEA Geothermal, 19. apríl 2023). Nánari útlistun á tæknilegum forsendum er að finna í viðauka bréfs IEA Geothermal.

EGEC tók fram í sínu álitu sambærilega afstöðu og IEA Geothermal eða að: „Geothermal energy is not covered by the CCS Directive, as it is a renewable energy sources as mentioned in the Renewable Energy Directive. The criteria of the CCS Directive are not applicable for geothermal technologies. Geothermal operates in Iceland, and for some parts of Europe, in volcanic areas which naturally release greenhouse gas emissions into the atmosphere.“ Þá tók EGEC einnig fram varðandi eftirlitskröfur að „the MRV requirements of the CCS Directive for safe storage are not applicable to active central volcanic systems, because the volcanic activity in these areas makes it impossible to guarantee the safe storage of CO₂, as the geological conditions are constantly changing and unpredictable.“ og að lokum tók EGEC fram: „we urge the members of the Icelandic Parliament to not include geothermal capacity within the framework of the CCS Directive. Geothermal power plants should not be subject to the CCS Directive, as this legislation is not applicable for geothermal operations.“

Í minnisblaði EDA sem Landsvirkjun hefur heimild til að deila með Alþingi, voru dregnir fram fimm efnisþættir þess eðlis að CCS tilskipunin eigi ekki við jarðhita. Í fyrsta lagi að EDA geymir ekki koldíoxíð í jörðu með endurniðurdælingu heldur er jarðhitinum skilað til baka inn í sama jarðhitakerfi. Í öðru lagi að endurniðurdæling með koldíoxíði hafi verið stunduð um árabíl. Í þriðja lagi að koldíoxíðið er ekki aðalefnasamband jarðhitans heldur eitt af ótal efnasamböndum sem fer gegn leyfisskilyrði tilskipunarinnar að koldíoxíð eigi að vera yfirgnæfandi þáttur niðurdælingarinnar. Í fjórða lagi að koldíoxíðið er ekki afurð iðnaðarferla heldur er náttúrulegt í jörðu og órjúfanlegur þáttur jarðhitans og í fimmta lagi að virkar megineldstöðvar geta ekki talist öruggir geymslustaðir koldíoxíðs í ljósi þess að jarðhitageymirinn getur ekki talist lokaður geymir heldur er sprunginn og jarðhitinn leitar upp til yfirborðs og myndar yfirborðsummerki. Að lokum tekur EDA fram „EDA Renováveis considers that the reinjection of CO₂ performed during the geothermal utilization for power generation is completely unrelated with the Carbon Capture Storage Directive 2009/31/EC, from the 23rd of April 2009. We therefore fully support the claim presented by Landsvirkjun against the creation of legislation binding the CCS Directive to all geothermal reinjection of CO₂.“ EDA kemur einnig inn á í álitu sínu mikilvægi þess að skapa rétta hvata í regluverki Evrópusambandsins til góðra verka. Að þessu sögðu vill Landsvirkjun einnig benda á að í fjórða lið formála tilskipunarinnar kemur fram að tilskipunin eigi ekki að draga úr stuðningi við uppbyggingu endurnýjanlegra orkugjafa sem rétt eins og EDA kemur inn á er augljóst að yrði ef frumvarpið yrði að lögum að óbreyttu. Máli EDA til stuðnings

hefur komið fram að ítölsk stjórnvöld hafi bannað CCS verkefni á skjálfta- og eldvirkum svæðum: „Additionally, CO₂ storage is not permitted in seismically active areas in Italy, and in Greece in areas where the storage complex extends beyond Greek territory”¹ á þeim forsendum að geymslan geti ekki talist örugg út frá skilyrðum CCS tilskipunarinnar rétt eins og að framan greinir.

2. Gildissvið CCS tilskipunarinnar nær ekki til olíu- og gasiðnaðar

CCS tilskipunin nær ekki til endurniðurdælingar koldíoxíðs á olíu- og gasvinnslusvæðum skv. 20. gr. í formála tilskipunarinnar. Með þetta í huga leitaði Landsvirkjun álitis alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins DNV um að hvaða marki fyrirtækið teldi endurniðurdælingu koldíoxíðs við jarðvarmavinnslu heyra undir tilskipunina. Landsvirkjun fékk DNV til verksins þar sem fyrirtækið er í dag skrifstofu loftlagsmála hjá framkvæmdastjórn ESB til ráðgjafar við rýni á leiðbeiningarskjölum tilskipunarinnar og veitir stjórnvöldum innan ESB ráðgjöf um túlkun og framkvæmd tilskipunarinnar. Fyrirtækið þekkir efnið því afar vel svo og ástæðu þess að endurniðurdæling koldíoxíðs á olíu- og gasvinnslusvæðum fellur ekki undir CCS tilskipunina.

Í hjálögðu minnisblaði DNV kemur fram álit ráðgjafans að þegar um er að ræða endurniðurdælingu jarðhita í sama jarðhitakerfi þá eigi tilskipunin ekki við: „DNV considers that reinjection of geothermal is not in itself included in the scope of the CCS Directive, and that it is not intended that the CCS Directive shall apply.“ Ef rekstraraðili jarðvarmavirkjunar hefur hins vegar í hyggju að flytja að nýtt koldíoxíð eða selja losunarheimildir þá eigi ákvæði tilskipunarinnar við að þeirra mati: „DNV considers that the CCS Directive may apply if the CO₂ is injected into another aquifer system from which geothermal production is not contemplated or occurring. The CCS Directive may also be considered to apply if CO₂ is injected into the geothermal system, and the operator intends to monetize credits based on emissions avoided from the surface facilities.“ (DNV, Memo No. 1893439, 19. apríl sl.).

3. Hefðbundin nýting jarðhita fer eftir auðlindalögum

Í ljósi alls framangreinds telur Landsvirkjun ljóst að umrædd hefðbundin nýting á jarðhita eigi ekki undir CCS tilskipunina, heldur beri að fylgja ákvæðum auðlindalaga. Hér kemur því til álita nefndarinnar að gera út um hvort um hagnýtingu jarðhita eigi áfram að miða við lagalegar forsendur auðlindaréttar sem á sér langan aðdraganda í íslenskum rétti eða hvort CCS tilskipunin sem ekki er sett í þeim tilgangi að ná utan um hagnýtingu jarðhita eigi að gilda og taka yfir með hvaða hætti hagnýting jarðhita skuli fara fram hér á landi þrátt fyrir verulegar takmarkanir á forsendum þess efnis í tilskipuninni sjálfri eins og að framan greinir.

Landsvirkjun vill vekja athygli á þeim misskilningi í málinu, eins og að framan greinir, að hugtakið jarðhiti getur eðli máls samkvæmt ekki verið háður því í hvaða eðlisfræðilega formi jarðhitinn er. Samkvæmt 5. mgr. 2. gr. auðlindalaga merkir jarðhiti „annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.“ Héraðsdómur Reykjavíkur (mál nr. E-979/2019) taldi í umræddu máli það hafið yfir vafa að „jarðhiti getur eðli málsins samkvæmt ekki verið háður því í hvaða eðlisfræðilega formi jarðhitinn er.“ Landsréttur (nr. 723/2019) staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í umræddu máli. Ekki sé hægt að gera greinarmun á jarðhita út frá efnasambandi né efnisham í lagalegum skilningi. Nýtingarleyfi jarðhita á grundvelli 6. gr. auðlindalaga innifelur heimild til upptöku þeirra efnasambanda sem upp úr jörðu kemur með orkunni, sem vísast til sem jarðhiti óháð því hvort um sé að ræða vatn, koldíoxíð,

¹ http://www.co2geonet.com/media/73750/co2geonet_state-of-play-in-europe_2021.pdf
<https://www.researchgate.net/publication/270283679> Implementation of the EU CCS Directive in Europe Results and Development in 2013

brennisteinsvetni eða öll önnur efnasambönd sem upp kemur úr jörðu og er óaðskiljanlegur hluti jarðhita. Sambærileg skoðun kemur fram í álitum EGEC og framkvæmdastjórn IEA Geothermal.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðhita skv. 21. gr. auðlindalaga. Þá er lögð sú krafa á leyfishafa skv. 25. gr. að haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi en þörf er. Á þessum lagagrundi er kveðið á um í nýtingarleyfum útgefnum af Orkustofnun kröfu um losun skilju- og/eða þéttivökva aftur í jörðu. Engar takmarkanir eru á hvaða efnasambönd er að finna í þeim vökva sem skilað er til baka í jörðu. Hið rétta er að nýtingarleyfin setja jafnframt ákvæði um leyfilegan niðurdrátt þar sem leyfishafi á það á hættu að leyfisveitandi krefjist mótvægisáðgerða falli þrýstingur út fyrir leyfileg mörk. Áður en slíkum vikmörkum er náð á leyfishafi að endurskoða reiknilíkanið, leggja til mótvægisáðgerðir með því að færa til eða minnka vökvatöku eða auka djúplosun. Af ákvæðum nýtingarleyfa er því ljóst að Orkustofnun telur sig það stjórnvald sem fer með eftirlit með þrýstingsjafnvægi auðlindarinnar. Það að auka hlutfall koldíoxíðs sem skilað er til baka veitir beinan stuðning við þrýsting í jarðhitakerfinu. Orkustofnun hefur jafnframt sett sérstakar reglur um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá vegna losunar á vökva í jörðu um borholur (Reglur OS nr. 2016-R01-01). Reglurnar eru óaðskiljanlegur hluti nýtingarleyfa útgefnum af Orkustofnun. Ekki er gerður greinarmunur á þeim efnasamböndum sem í losun til jarðar felur enda ljóst að ótal efnasambönd eru í jarðhitunum og mikill breytileiki í hlutföllum efnasambanda milli jarðhitakerfa.

Framangreind yfirferð um íslenskan auðlindarétt leiðir að þeirri niðurstöðu að hvað varðar hagnýtingu jarðhita þá innifelur auðlindaréttur nú þegar þann skilning að upptaka efna, s.s. koldíoxíðs, telst til jarðhita. Með vísan til 25. gr. auðlindalaga kveður Orkustofnun á um losun vökva aftur í jörðu innan staðarmarka nýtingarleyfis til þess að viðhalda þrýstingi jarðhitakerfisins með það að markmiði að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Ástæða þessa er sú að orkuforði í bergi er mörgum stærðargráðum hærra heldur en vinnslumiðilsins og með því að tryggja jafnvægi í þrýstingi eru meiri líkur til langs tíma litið að hámarka hagnýtingu auðlindarinnar fyrir komandi kynslóðir.

4. Útvíkkun CCS tilskipunar að ósekju dregur úr samkeppnishæfni jarðvarmavirkjana

Landsvirkjun hefur lagt mat á þann kostnaðarauka sem innleiðing CCS tilskipunarinnar hefur í för með sér fyrir þeistareykjastöð. Kostnaðarverð Landsvirkjunar um að auka hlutfall koldíoxíðs sem skilað er til baka er talið vera 145 USD/tonn CO₂ án tilskipunar en 239 USD/tonn CO₂ undir tilskipuninni. Þetta samsvarar um 65% aukningu kostnaðar ef endurniðurdæling fellur undir tilskipunina sem dregur verulega úr samkeppnishæfni jarðvarmavirkjana.

Forsendur Landsvirkjunar við mat á kostnaðarverði byggja á kostnaðaráætlun verkhönnunar sem fór í gegnum kostnaðarlíkan Landsvirkjunar í samræmi við vinnulýsingu fyrirtækisins og hefur verið rýnd af sérfræðingum Landsvirkjunar. Kostnaðarlíkan Landsvirkjunar er staðlað líkan til að reikna út kostnaðarverð fyrir fjárfestingar í virkjunum og liggja til grundvallar ákvarðanatöku um næstu fjárfestingar í virkjunarkostum og tengdum verkefnum. Ráðgjafar Landsvirkjunar í verkhönnun voru Carbfix, Mannvit og Trimeric. Kostnaðarmat verkhönnunar er metið með ±25% nákvæmni með alþjóðlega viðurkenndri aðferð kenndri við AACE Class 3. Tilgangur verkhönnunar er að ákveða tilhögun verkefnis og hanna alla verkhluta í aðalatriðum, en meginþættir kerfisins eru gasþvottaturn, lagnir frá gasþvotti að niðurdælingarstað, niðurdælingarholur og vöktunarholur.

Áætlun um stofnkostnað innifelur allan kostnað við undirbúning, framkvæmd og gangsetningu, fram að afhendingu í rekstur. Áætlun um rekstrarkostnað innifelur kostnaðarliði raforku til gasþvottakerfis aflstöðvar, viðhalds- og vöktunarkostnað. Að teknu tilliti til CCS tilskipunar er gert ráð fyrir kostnaðarauka stofnkostnaðar vegna aukinna rannsókna og áhættumats vegna geymsluleyfis, ásamt kostnaðarauka rekstrar vegna aukinnar vöktunar og umsýslu. Kostnaðarmatið er þó háð þeim kröfum sem leyfisveitandi setur fyrir starfsleyfi undir tilskipun. Óvissa ríkir um það fyrirkomulag sem skal fylgja við ráðstöfun og greiðslu tryggingargjalds vegna niðurdælingar sem fellur undir CCS



tilskipunina og af þeim sökum tóku framangreindir útreikningar ekki mið af þeim kostnaði sem af tryggingagjaldinu leiðir sem talinn er geta reynst umtalsverður. Það liggur ljóst fyrir að ef tryggingargjaldið bætist við kostnaðarmat verkefnisins verður það til hækkunar á ofangreindu kostnaðarverði.

Til að varpa ljósi á stærðargráðu mögulegra þjóðhagslegra áhrifa tilskipunarinnar er hægt að yfirfæra kostnaðarverð niðurdælingar á þeistareykjum á alla losun jarðvarmavirkjana á Íslandi. Sé miðað við þau stækkunaráform sem liggja fyrir má búast við að losun jarðvarmavirkjana á Íslandi fari í um 200 þúsund tonn CO₂ á ári hverju. Aðgerð C.1 í aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum gerir ráð fyrir verulegum samdrætti í losun jarðvarmavirkjana. Að því gefnu að vilji standi til að skila til baka öllu koldíoxíði í jörðu fæli það í sér um 2,7 milljarða króna kostnaðarauka vegna CCS tilskipunar á ári fyrir íslenskt hagkerfi.

Fylgiskjal 1

International Energy Agency Geothermal (IEA Geothermal)

To whom it may concern,

19 April 2023

The International Energy Agency Geothermal Technology Collaboration Programme (IEA Geothermal) is a global platform fostering the uptake of geothermal energy as a reliable and sustainable source of renewable energy. The platform has 13 member countries and is committed to increasing the use of geothermal energy as part of the global net zero carbon energy future, recognizing that geothermal has a significant contribution to make to this future.

We understand that the Icelandic Parliament is considering the adoption of the EU CCS Directive (2009/31/EC) and applying this to geothermal power processes which use geothermal fluids containing dissolved gases (including co-produced carbon dioxide) that then are returned underground back into the geothermal reservoir from whence they came. The Koldís project being undertaken by Landsvirkjun is the project that we have been made aware of that is being considered for adoption of this EU CCS directive.

Having discussed the matter at our 49th Executive Committee meeting held on the 18th / 19th April 2023, the committee are of the view that the process of reinjection of geothermal fluid, including carbon dioxide gas, is substantively different from a carbon capture and storage operation, and our advice is to reject the adoption of CCS policy in these circumstances.

Volcanic / magmatic derived geothermal systems involve the movement of heated fluids that contain chemical species (including gases) from heat sources through the mantle / crust to the earth's surface. A geothermal system is best considered to be a fluid transport system rather than a reliable location to store carbon. In the attached appendix, we have provided some additional description of these geothermal fluid transport processes.

Motion 49/4 was put and approved unanimously at the 49th Executive Committee meeting.

That the Executive Committee of IEA Geothermal resolved to lodge a letter of support for Landsvirkjun that carbon dioxide is present in the fluids, both produced and in the reinjected water (as part of the Koldís project) that is returned back to the natural underground environment, and that this process reduces greenhouse gas emissions that would otherwise occur to the atmosphere. Importantly, in a volcanic geothermal system, this return back to the underground should not be subject to CCS policy, as it is not a method to reliably store carbon gases underground.

We trust this material is of assistance to any party that might be considering the application of the EU CCS Directive to a geothermal power plant drawing energy from fluids derived from active volcanic geothermal systems.

Thank you for your attention to this matter.

Sincerely,



Kasumi Yasukawa, Chair,
International Energy Agency Geothermal Technology Collaboration Programme

Appendix – Commentary on gases in volcanic geothermal systems

- 1) Geothermal reservoirs hosted in volcanic settings should be viewed generally as active gas and liquid transport systems rather than as reliable, long-term, passive storage sites for carbon.
- 2) Geothermal reservoirs associated with high temperature volcanic / magmatic environments often contain gases, including H₂S and CO₂. The dynamics of these systems involve the transport of heat, water, chemical species and gases over thousands of years. Various chemical reactions involving mineral deposition and dissolution occur as the fluids flow. These vary from field to field.
- 3) Gases are transported from deep underground to the atmosphere through geothermal systems as part of the earth's natural and dynamic geological processes. The movement of these gases is influenced by the creation or expansion of fractures generated naturally by earthquakes and thermal stresses from heating and cooling of the rock.
- 4) Geothermal production fluids containing energy, minerals and gases flow from the reservoir, through wells to the surface facility (typically a power plant). Energy, and in some circumstances minerals and gases, are extracted from the fluids. The fluids are then typically returned back into the reservoir. This is for reasons of sustainable reservoir management (fluid recharge) and the avoidance of adverse surface environmental effects. Where practicable, this practice includes reinjection of some of the gas emissions.
- 5) Fluids (including gases) that are returned to the underground rejoin the naturally-convecting geothermal reservoir fluids. They disperse dynamically through fractures and porous aquifers in accordance with natural and induced pressure gradients, and may eventually reach the surface thermal features along with the in-situ fluids. Because the fracture network dynamically changes with time, the entrained gases are not sufficiently contained to be considered appropriately located for long term carbon storage in the normal sense of a CCS scheme.
- 6) In summary, carbon capture and storage requirements don't align with these geothermal systems that are naturally transporting rather than storing carbon gases.

Fylgiskjal 2

European Geothermal Energy Council (EGEC)

To the attention of: Members of Parliament in Iceland - Environment and Communications Committee

Cc: Committee Secretary

April 2023

Dear Members of the Environment and Communications Committee in Iceland,

Call to not include geothermal capacity within the framework of the CCS Directive

We, the European Geothermal Energy Council (EGEC), are writing to express our concerns on the potential impact of the implementation for the Carbon Capture and Storage (CCS) Directive. It should not be imposed for the operations of geothermal power plants in Iceland.

EGEC, the European Geothermal Energy Council, is a non-profit international association promoting the European geothermal industry, representing over 180 members across 28 countries.

Geothermal energy is a reliable, renewable source of energy that provides a growing contribution to the European energy mix. On mainland Europe alone, there are over 150 geothermal power plants in operation, producing more than 7TWh of electricity and 350 heating systems supplying 60 TWh of heat annually.

We understand that the Ministry of Environment, Energy and Climate has proposed to include geothermal operations in an amendment to the Implementation Act to transpose the CCS Directive into Icelandic legislation including normal operations of geothermal power plants if carbon dioxide is re-injected.

